

**Nd.**

**216. Frumvarp**

til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. kaflí.

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfelag Íslands hefir á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr rikissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sjerstaklega.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal jafnan leita álits Búnaðarfelags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin, og eigi má veita lán eða styrk úr sjóðum þeim og stofnunum, sem í 2. gr. getur, ef ljelagið leggur á móti því.

#### 4. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr. Ennfremur hefir það eftirlit með því, að verk þessi sjeu unnin á þann hátt, sem í skilyrðum var halt, er lán eða styrkur var veitt, að svo miklu leyti sem verkið er óframkvæmt eða eftirlit þetta eigi falið öðrum sjerstaklega.

#### 5. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru ætluð í lögum þessum, framkvæmir ýmist stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, alt eftir því, sem lög fjelagsins og reglur mæla fyrir.

#### 6. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir heimild til, er því þykir þörf á, að velja sjer 1 trúnaðarmann í hreppi hverjum, til þess að hafa fyrir fjelagsins hönd umsjón og eftirlit með ræktunarfyrirtækjum þeim, sem undir það falla í þeim hreppi. Fjelagið fær mönnum þessum ítarlegt erindisbrjef, en borgun fyrir start sitt fá þeir hjá hreppabúnaðarfélagunum, en þar sem þau eru ekki til, hjá þeim mönnum, er þeir vinna fyrir, eftir reglum, sem settar verða í erindisbrjefinu. Ef ágreiningur verður um borgun þessa, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

## II. kafli.

### Um túnrækt og garðyrkju.

#### 7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, um hversu áburðarhús og safnþrær skuli gerð. Nú hefir sá, er gera lætur áburðarhús eða safnþró, fylgt reglum þessum í öllu, og Búnaðarfélag Íslands telur hann hafa þörf fyrir húsið eða þróna, og má þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr rikissjóði, er nemi alt að einum þriðja kostnaðar við verkið. Ef ágreiningur ris um kostnað af slíku verki, sker Búnaðarfélag Íslands úr, hvað teljast skuli hæfilegur kostnaður.

#### 8. gr.

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram land til túngræðslu, og má þá veita honum styrk úr rikissjóði, er nemi alt að  $\frac{1}{4}$  kostnaðar, ef sannað er fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er segir í 9. og 11. gr.

9. gr.

Styrkur greiðist ekki fyrir en verkinu er lokið að fullu og landssvæðið komið í sæmilega rækt. Þegar land er ræst fram til tüngræðslu er þó nægilegt, að hið framræsta land, með sæmilegri vinslu og áburði, geti orðið að túni.

Um sönnun fyrir að skilyrðum þessarar greinar sje fullnægt fer eftir reglugerð, sem selt er eins og segir í 7. gr.

10. gr.

Enginn fær styrk þann, sem segir í 8. gr., á fyrstu 10 dagsverkin, sem hann vinnur á ári hverju, fyrir hvern verkfæran mann, er hann hefir á heimili sínu til vinnu vistarár hvert. Nú lætur maður, sem hefir jörð eða jarðarpart eða landssvæði til afnota, niður falla eitt ár eða fleiri, talið frá 14. maí 1923, túnræktariðju þá, sem ræðir um í 8. gr., eða hann vinnur minna að þessum störfum en segir í fyrsta málslið þessarar greinar, og fær hann þá eigi neinn styrk, nema fyrir það, sem umfram er 10 dagsverk á ári, fyrir hvern verkfæran mann, margfaldað með áratölu þeirri, sem ekkert var unnið að þessu starfi eða minna en hjer segir. Þó fá fátækir einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, er jafngilda 10 hjá öðrum.

11. gr.

Enginn styrkur greiðist til túnræktar á landi, sem ætla má að tekið verði til lóða undir hús, fiskreita eða annara hluta, sem óviðkomandi eru jarðrækt, á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið.

12. gr.

Þeir, sem gera nýja matjurtagarða, geta vænst styrks úr ríkissjóði, er nemi alt að  $\frac{1}{3}$  þess, er gerð þeirra kostar, og þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður. Styrkurinn verður þó eigi greiddur fyrir en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru, að áliti Búnaðarfelags Íslands (enda sje garðstæðið valið eða samþykkt af trúnaðarmanni þess). Styrkur verður eigi veittur til minni garða en 400 fermetra.

13. gr.

Mat og mæling jarðræktarframkvæmda þeirra, er um ræðir í 7.—12. gr., gera venjulega trúnaðarmenn þeir, sem í 6. gr. getur, en ella ráðunautar Búnaðarfelags Íslands eða aðrir, sem það velur til þess. Mat þetta og mæling fer fram eftir reglum, sem settar eru á þann hátt, er segir í 7. gr.

14. gr.

Bíkisstjórnin greiðir styrk samkvæmt þessum kafla, þegar undirbúningur sá hefir farið fram, sem lög þessi og reglugerð eða reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, segja fyrir um.

III. kafli.  
Um vjelayrkju o. fl.

15. gr.

Úr rikissjóði má veita allt að 50000 kr. á ári til að kaupa og starfrækja jarðræktarvjarlar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtiskuvjarlar, sem eru við hæfi hjer á landi. Atvinnumálaráðuneytið sker úr því árlega, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hvort og hverjar vjarlar skuli keyptar.

16. gr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu vjela þeirra, sem keyptar eru samkvæmt 15. gr., og ákveður, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju. Kostnaðinn af starfrækslunni greiða þeir, sem unnið er fyrir; en heimill er þó, ef vinnukaupandi óskar þess, og að áliti Búnaðarfjelags Íslands þarf þess með, að lána honum vinnukostnaðinn að helmingi, gegn fullnægjandi tryggingu, og endurgreiðast lán þessi og ávaxtast eftir þeim reglum, sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

17. gr.

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 16. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Vjelasjóður«. Markmið þessa sjóðs er að kaupa og starfrækja landbúnaðarvjarlar.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánnum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

18. gr.

Með reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr., skal kveða á um tryggingar fyrir lánnum þeim, sem í 16. gr. getur, og annað, er þau snertir. Enn fremur skal á sama hátt setja reglur um Vjelasjóðinn.

19. gr.

Andvirði og áfallinn rekstrarkostnaður þeirra tveggja þúfnabana, sem þegar hafa verið keyptir af Búnaðarfjelagi Íslands, greiðist úr Ræktunarsjóði, en það, sem útistandandi er fyrir vinnu þeirra, rennur í Vjelasjóð, og er fyrsti visir hans.

IV. kafli.  
Um jarðræktarlán.

20. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi lána fje Ræktunarsjóðsins eða Kirkjujarðarsjóðsins til annars en landbúnaðar, og má eigi lána minna en  $\frac{2}{3}$  til jarðræktar úr þeim, enda sje reikningum sjóða þessara jafnan haldið út af fyrir sig.

21. gr.

Vextir af lánum til jarðræktar, sem veitt eru samkvæmt 20. gr., mega ekki hærri vera en 4 af hundraði á ári og lánstíminn eigi skemri en 20 ár, og lánin afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

22. gr.

Ríkisveðbankanum er heimilt að veita lán til allskonar jarðabóta, en jafnan skal það skilyrði sett, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu jarðabóta sem svarar  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við þær, auk styrks, sem kann að fást til þeirra. Ált að helmingi slíkra lána má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands telur hæfilegt.

23. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi veita nein lán til jarðræktar, nema Búnaðarfélag Íslands leggi með því og hafi samþykkt kostnaðaráætlun, sem jafnan skal fylgja slíkum lánbeiðnum, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða verki.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um jarðræktarlán Ríkisveðbankans, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og stjórnar bankans.

V. kafli.

**Sjerákvæði um jarðeignir ríkissjóðs.**

25. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álist sjerstaklega vel fallin til skiftingar í nýbýli að dómi umráðamanns jarðariunnar, skal leitað álits Búnaðarfélags Íslands um það áður en jörðin er byggð.

26. gr.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands þjóðjörð eða kirkjujörð vel fallna til skiftingar í nýbýli, og má þá eigi festa hana í ábúð þannig, að til tyrirstöðu sje slíkri skiftingu.

27. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er byggð, skal jafnan þar, sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir með landsskuld, og leigur skulu metnar til slíkrar greiðslu helmingi minna en ella,

þannig, að sá, sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur tvöfalda fjárhæðina í jarðabótum.

Sama rjett hafa landsetar rikissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar, hvort sem þeir hafa fengið prestssetrið fyrir eða eftir að lög þessi öðlast gildi.

#### 28. gr.

Jarðabætur, sem ganga til landsskuldargreiðslu og leigna, njóta einskis styrks af opinberu fje. Um jarðabótastyrk leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum fer að öðru leyti eftir fyrimælum 8.—11. gr.

#### 29. gr.

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal hann þá skýra umráðamanni jarðarinnar frá, hverjar jarðabætur hann ætli sjer að vinna, en umráðamaðurinn leitar síðan álits Búnaðarfjelags Íslands um fyrirællanir þessar. Ef Búnaðarfjelag Íslands telur ekkert við það að athuga, skýrir það leiguliða og umráðamanni jarðarinnar frá því, en ella að eins leiguliða, og tilgreinir ástæður. Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst, að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalldaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

#### 30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur umráðamönnum þjóðjarða og kirkjujarða nánari reglur um þau atriði, sem um er rætt í 25.—29. gr.

### VI. kafli.

#### Um erfðafestulönd.

#### 31. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum landsins og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því lög þessi öðlast gildi, senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um land það, sem að áliti þeirra liggur best við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslu þessari skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfjelag Íslands tiltekur.

#### 32. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er getur um í 31. gr., gerir Búnaðarfjelag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og skiftir því í skákir, eigi minni en 2 og eigi stærri en 5 ha. Hver skák skal ætluð einum manni til ræktunar, og skal þeim skift þannig, að sem kostnaðarminst verði vega-



lagning um svæðið, lagning vatnsæða, rafmagnstauga og gerð annara mannvirkja, sem vinna þarf. Afrit af uppdrættinum sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

33. gr.

Nú óskar maður að fá skák til ræktunar, og skal hann þá snúa sjer til hlutadeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar með beiðni um meðmæli hennar. Að fengnum meðmælum þessum getur hann snúið sjer til sýslumanns eða bæjarfógeta og fengið hjá honum útnefnda tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skákina til peningaverðs, ef hann nær eigi samkomulagi við eiganda um árgjald af henni.

34. gr.

Enginn hlutadeigandi getur lagt hömlur á, að land verði tekið til ræktunar samkvæmt því, sem segir í þessum kafla, nema hann sanni, að hann ætli innan skamms að taka það til ræktunar sjálfur eða til annara nauðsynja sinna; eða hann hafi þegar lofað því öðrum til ræktunar, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn vill mæla með.

35. gr.

Landskákir þessar skulu jafnan, þegar ríkissjóður, hreppsfélag eða bæjarfélag er eigandi, leigðar í erfðafestu til 75 ára, og skal árgjaldið vera 5 af hundraði af matsverði eða því verði, sem eiganda og leigutaka hefja komið saman um. Ef einstakir menn eru eigendur landskákanna, ráða þeir, hvort þær eru seldar matsverði eða leigðar eins og fyr er sagt.

36. gr.

Að leigutímanum liðnum fellur landið aftur til eiganda, án endurgjalds, nema leigutaki vilji endurnýja leiguna til 10 ára í senn, gegn því að greiða 4 af hundraði á ári af þáverandi matsverði landsins.

37. gr.

Um erfðafestulönd þessi skal jafnan gera skriflegan samning, er leigutaki skal láta þinglesa á sinn kostnað. Leigutaki getur selt rjett sinn og veðsett.

38. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sje minst tíundi huti ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð greiðist fyrir það, sem unnið kann að vera að ræktun þess.

39. gr.

Erfðafestulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

40. gr.

Nánari reglur um erfðafestulönd þessi má setja á þann hátt, sem segir í 7. gr.

## VII. kafli.

### Um tilrauna-nýbýli.

41. gr.

Úr ríkissjóði má greiða kostnað af að reisa og rækta 2 nýbýli í svenndum Viðir í landi Mosfells í Mosfellssveit, með 10 hektörum ræktaðs lands hvort, og hefir Búnaðarfélag Íslands á hendi framkvæmd þess og umsjón, undir yfirstjórn atvinnuáráðuneytisins.

42. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 41. gr., má leigja gegn 4% ársvöxtum af því sje, sein til þeirra hefir farið, eða selja fyrir kostnaðarverð, með sömu kjörum og þjóðjardir eru nú seldar.

## VIII. kafli.

### Um endurskoðun laga þessara o. fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1923, og skulu þau endurskoðuð áður en 5 ár eru liðin frá þeim tíma.

### Greinargerð.

Landbúnaðarnefndin flytur frv. þetta lítið eitt breytt frá því, er útbýtt var meðal þingmanna á öndverðu þingi og nefndin hefir haft til athugunar nokkurn tína. Greinargerðar þeirrar, er því frv. fylgdi, vill nefndin vísa til hvað snertir tilgang og þýðingu þess. En að hinu leytnu vill hún taka það fram, að flutningar hennar á frv. og fylgi hennar í háttv. deild byggist á því, að breytt verði fyrirkomulagi Búnaðarfélags Íslands á þann veg, að auk þess, sem atvinnuáráðuneytið á samkv. frumv. að hafa yfirstjórn allra jarðræktarmála, þá fái það einnig rjett til þess, samkvæmt tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, að skipa 2 menn í stjórn þess. Þetta skilyrði sitt byggir nefndin á því, að hún telur rjettmætt og sjálfsagt, að jafnframt því sem stóraukið fjármagn færist úr ríkissjóði undir yfirráð Búnaðarfélagsins, þá sje þingi og stjórn trygður tillögu- og íhlutunarrjettur um meðferð fjárens, jafnframt því sem ábyrgðin færist yfir á stjórnina.